



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1819
komudagur 4.5. 2005

Alþingi

Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. maí 2005
Tilvísun: 2005040044

Efni: Umsögn um 643. mál, lög um Ríkisútvarpið.

Alþýðusambandið hefur á sínum vettvangi fjallað um þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á rekstrarformi, uppbyggingu og fjármögnun Ríkisútvarpsins með umræddu frumvarpi. Að svo komnu máli vill ASÍ koma því á framfæri, að það lýsir algjörri andstöðu sinni við fyrirhugaðar breytingar á bæði rekstrarformi og fjármögnun Ríkisútvarpsins.

ASÍ er þeirrar skoðunar að víðtækt hlutverk RÚV í almannapágu, bæði í óháðri fréttamiðlun og menningarlegu hlutverki, sé þess eðlis að afar mikilvægt sé að RÚV sé áfram í almannaeigu sem ríkisstofnun.

ASÍ lýsir áhyggjum sínum með að fyrirhuguð breyting í sameignarfélag þjónar engum öðrum tilgangi en að færa yfirstjórn stofnunarinnar í hendur ráðherra ríkisstjórnarinnar. Nýleg atлага að sjálfstæði fréttastofunni vegna ráðningar í stöðu fréttastjóra útvarps sýnir hins vegar að mikilvægt er að standa vörð um sjálfstæði RÚV. ASÍ telur að þetta megi gera með því að taka upp svipað fyrirkomulag og t.d. þekkist í Bretlandi, þar sem ýmis hagsmunasamtök auk þingsins skipi fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Ennfremur lýsir ASÍ efasemdum sínum við fyrirhugaða breytingu á fjármögnun RÚV, þ.e. með sérstökum nefskatti. Nær undantekningarlaust eru sambærilegar stofnanir í nágrannalöndunum fjármagnaðar með afnotagjöldum eins og nú er gert. Jafnframt má benda á með því að breyta fjármögnun RÚV með þessum hætti getur það leitt til röskunar á samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fjölmiðlafyrirtækjum, sem innheimta afnotagjöld.

Af þessum ástæðum mælir ASÍ ekki með samþykkt þessa frumvarps.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson
Framkvæmdastjóri